

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 41/1957, um tollheimtu og tollfirtlit,  
með síðari breytingum.

### 1. gr.

99. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Almennur afgreiðslutími á tollstjóráskrifstofum og í vöruhúsum þar sem ótollafgreiddar vörur eru geymdar skal vera frá kl. 08 til kl. 16 frá mánudegi til föstudags, nema um helgidag eða almennan frídag sé að ræða. Tollstjóra er heimilt að höfðu samráði við ríkistollstjóra að ákveða afgreiðslutíma innan nefndra tímamarka til samræmis við annað skrifstofuhald viðkomandi embættis eða verkefna þar eða í vörugæmslum ef þau eru ekki nægileg fyrir tollstarfsmenn allan daginn.

Almennur afgreiðslutími vegna aðkomu eða brottfarar skipa og flugvéla, sem eru í förum milli Íslands og annarra landa, skal vera frá kl. 07 til 18 mánudag til föstudags, nema um helgidag eða almennan frídag sé að ræða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skal almennur afgreiðslutími á Keflavíkurflugvelli vera frá kl. 05 til kl. 18 alla daga vikunnar.

### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. mgr. 145. gr. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 13. febrúar 1997.*

F. h. r.

**Magnús Pétursson.**

*Indriði H. Þorláksson.*

6. febrúar 1997

Nr. 111

## SAMÞYKKT

um starfsleyfisveitingar og umsagnir  
Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um veitinga- og gistileyfi.

### 1. gr.

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur er heimilt að gefa út starfsleyfi í stað heilbrigðisnefndar Reykjavíkur eftir því sem nánar er tilgreint í þessari grein.

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur er heimilt að gefa út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem upp er talinn í viðauka 8 í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994, með síðari breytingum. Um afgreiðslu Heilbrigðiseftirlitsins skulu gilda ákvæði 66. - 70. gr. mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, með síðari breytingum, þó þannig að skriflegar athugasemdir við starfsleyfistilögur skulu áfram berast heilbrigðisnefnd og afgreiðast af henni í samræmi við 2. mgr. 70. gr. í mengunarvarnareglugerð.

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur er heimilt að gefa út starfsleyfi til þeirra sem framleiða eða dreifa matvælum. Ákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla skulu gilda um afgreiðslu Heilbrigðiseftirlitsins.